

## Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

87. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Hótel Klaustur 22. <sup>okt. 2019</sup> ~~sept. 2018~~  
klukkan 18:00

Mættir. Aðalmenn: Katrín Gunnarsdóttir, Rannveig E. Bjarnadóttir, Lilja Magnúsdóttir. Varamenn: Sólveig Ólafsdóttir, Elín Pálsdóttir, Þuríður Helga Benediktsdóttir boðaði forföll.

1. Uppskeru- og þakkarhátíð 7. - 9. nóv 2019. Dagskrá og umræða um hvernig hátíðin á að fara fram. Þetta er tíunda Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps. Allur ágóði af viðburðum á Uppskeru- og þakkarhátíðinni að þessu sinni rennur til söfnunar Björgunarsveitinni Kyndils á Kirkjubæjarklaustri til kaupa á nýjum björgunarsveitarbíl.
2. Önnur mál: a) Menningarmálanefnd tilnefndi Kirkjubæjarstofu til Menningarverðlauna Suðurlands. Úrslit verða kynnt á fundi SASS fimmtudaginn 24. okt 2019. b) Komið hefur fram ósk frá íbúum í Skaftárhreppi að það verði eitthvert húsnæði fundið sem gæti þjónað sem miðstöð fyrir fólk sem vill æfa saman tónlist. Samþykkt að fá þá aðila sem spurðu um þetta á okkar fund og athuga betur hvað þeir eru að huga að.

Fundi slitið 19:30

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir

Lilja Magnúsdóttir  
Rannveig E. Bjarnadóttir  
Elín Pálsdóttir  
Katrín Gunnarsdóttir  
Sólveig Ólafsdóttir